

FUNDARGERÐ

17.- ÁRSPINGS

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS

ÍSLANDS

17. ársþing Körfuknattleikssambands Íslands var haldið að Hótel Esju, Reykjavík, dagana 6. og 7. maí 1977.

1. Formaður sambandsins Páll Júlíusson setti þingið og bauð fundarmenn velkomna.

2. Þingforseti var kjörinn Hermann Guðmundsson framkvæmdarstjóri Íþróttasambands Íslands. Ritari var tilnefndur Steinn Sveinsson framkvæmdarstjóri Körfuknattleikssambands Íslands og til vara Haukur Hannesson.

3. Kosnar voru fastar nefndir þingsins.

A: Kjörbréfanefnd: Sigurður V. Halldórsson
Hallgrímur Gunnarsson

Torfi Magnússon

B: Fjárhagsnefnd: Gunnar Gunnarsson

Birgir Örn Birgis

Sigurður Ingólfsson

C: Laga- og leikreglnanefnd:

Kolbeinn Pálsson

Sigurður V. Halldórsson

Kristinn Stefánsson

D: Allsherjanefnd: Guðrún Ólafsdóttir

Ingi Stefánsson

Sigurður Þórarinsson

E: Kjörnefnd:

Erlendur Eysteinnsson

Sigurður Þórarinsson

Kolbeinn Kristinsson

4. Skýrsla fráfaramandi stjórnar :

Steinn Sveinsson gerði grein fyrir skýrslu stjórnarinnar, sem áður hafði verið lögð fyrir þingfulltrúa, sérprentuð, ásamt skýrslum nefnda Körfuknattleikssambands Íslands.

Formenn nefnda, þeir sem mættir voru, gerðu síðan grein fyrir skýrslu hverrar nefndar fyrir sig.

Þegar hér var komið gerði Sigurður V. Halldórsson f. h. kjörbréfanefndar grein fyrir þeim kjörbréfum, sem borist hefðu og hann lagði til að yrðu samþykkt. Var það gert án athugasemda. Fulltrúar voru sem hér segir:

Í.B.R.

Ingi Kr. Stefánsson

Guðni Kolbeinsson

Atli Arason

Erlendur Eysteinnsson

Hallgrímur Gunnarsson

Sigurður Halldórsson

Þorvaldur Geirsson

Ómar Þráinsson

Sigrún Andrésdóttir

Eyþór Kristjánsson

Sigurður V. Halldórsson

Þorsteinn Hallgrímsson

Hólmsteinn Sigurðsson

Sigurður Gíslason

Guðrún Ólafsdóttir

Þorsteinn Guðnason

Bjarni Einarsson
Hallur Ágústsson
Sigurður M. Helgason
Sigurður Þórarinnsson
Torfi Magnússon
Kristján Ágústsson
Kolbeinn Pálsson
Birgir Guðbjörnsson
Einar Bollason
Gunnar Gunnarsson
Kristinn Stefánsson
Kristín Ó Magnúss.

Íþróttabandalag Suðurnesja. Hilmar Hafsteinsson
Stefán Bjarkason
Kristbjörn Albertsson

Í.B.A. Guðmundur Hagalín

Í.B.H. Oddur Björn Sveinsson
Leó Sigurðsson
Ingvar Jónsson

H.S.K. Kjartan Lárusson
Dagbjartur Gunnarsson
Guðmundur Guðmundsson

U.M.S.S. Pálmi Sighvatsson
Þórarinn Guðmundsson

U.B.K. Pétur Eysteinnsson
Sigurbergur Bjarnason
Kristján Nordahl

Þingforseti stakk upp á að frestað yrði umræðum um skýrslu stjórnarinnar þar til reikningar hefðu verið lagðir fram og þeir síðan ræddir sameiginlega. Var það samþykkt samhljóða.

5. Gjaldkeri, Birgir Örn Birgis, lagði síðan fram endurskoðaða reikninga sambandsins, las þá og skýrði. Hafði sérprentuðum reikningum áður verið dreift til þingfulltrúa og vísast til þeirra. Þakkaði Birgir unglinganefnd K.K.Í. sérstaklega hennar framlag til sambandsins, sem hann taldi öðrum nefndum mjög til fyrirmyndar.

Var síðan orðið gefið frjálst um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins:

Einar Bollason spurðist fyrir um gjaldaliðinn "óframkomnir reikningar frá fyrri árum kr. 531.598.00"

Gjaldkeri upplýsti að hér væri um að ræða ýmsa reikninga, sem borist hefðu frá fyrri stjórnartíð, en ekki verið taldir til skuldar við síðasta ársuppgjör. Fyrst og fremst væri hér um að ræða reikninga frá Hótel Esju vegna gistinga og fæðis erlendra leikmanna.

Einar Bollason óskaði eftir skýringu á úrslitakeppni m.fl. kvenna á islandsmötinu, sem hann taldi ónkvæmt rakta í skýrslu mótanefnd

ar. Jafnframt óskaði hann eftir því að þeirra væri getið, sem niður féllu í 2. deild ásamt þeim sem upp komust í 1. deild. Ræddi hann nokkra liði á tekju lið rekstrarreiknings og kvaðst einkum sakna hærri upphæða sem tekna af leikskrá. Taldi hann óhætt að fullyrða að stjórnin hefði reynt öll tiltæk ráð til fjáröflunar. Þrátt fyrir það væri u.þ.b. 1.miljón kr. halli á rekstri sambandsins á árinu og kvað hann auðsýnt að eitthvað róttækt yrði að gera í þessum efnunum í framtíðinni.

Steinn Sveinsson svaraði framkomnum fyrirspurnum varðandi mál-efni mótanefndar.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu stjórnar og reikninga og voru þeir bornir upp til samþykktar, og samþykktir samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun stjórnar:

Birgir Örn Birgis skýrði hvers vegna fjárhagsáætlun stjórnar lagsi ekki fyrir. Taldi hann K.K.L. standa á tímamótum varðandi áframhaldandi fjárhagslegan rekstur sambandsins, sem hann taldi vonlaust að halda áfram með óbreyttum hætti þar sem tap hlæðist ofan á tap og dýpkaði þannig gröf sambandsins með hverju ári. Lagði hann til að málinu yrði vísað til fjárhagsnefndar, sem aðhafði hana öðrum breytingartillögum, sem fyrirhugaðar væru.

7. Laga og Leikregla breytingar:

Sigurður V. Halldórsson gerði ytarlega grein fyrir breytingartillögum laga og leikreglanefndar, sem áður hafði verið deilt til þingfulltrúa fjölrituðum, og hér vísast til. Voru þær yfirfarðar og bornar saman við gildandi lög og reglur.

Steinn Sveinsson gerði grein fyrir breytingartillögum um framkvæmd körfuknattleiksmóta, sem einnig var dreift fjölrituðum, og hér vísast til. Ennfremur talaði hann fyrir tillögu frá stjórn K.K.L. um reglugerð fyrir dómara.

Sigurður V. Halldórsson lagði fram breytingartillögu á 5. gr. tillagna K.K.L. um reglugerð fyrir dómara (sjá endanlega niðurstöðu).

Bogi Þorsteinsson þakkaði laga og leikreglanefnd gott starf.

Benti hann síðan sérstaklega á grein um hlutgengi erlendra aðila í íslenskum körfuknattleik og óskaði eftir því að við tillöguna yrði bætt þeim atriðum, sem F.I.B.A. reglur um sama efni gerðu ráð fyrir. Fagnaði hann fram komnum tillögum um lengingu leiktíma 2. flokks. Benti hann á misræmi í leiktíma minnibolta, annars vegar, og 4. flokks, hins vegar, og gerði tillögu um samræmingu þeirra. Einnig fagnaði hann framkomnum tillögum um ferðakostnað dómara.

Einar Bollason lagði til breytingu á tillögu Steins Sveinssonar um framkvæmd körfuknattleiksmóta og benti á þann möguleika að auka baráttuna í Íslandsmóti með því að sáta næst neðstu lið í hverri keild keppa við næst efsta lið næstu deildar fyrir neðan um sæti í deildinni. Ræddi hann einnig framkomnar breytingartillögur um lög K.K.L. og benti á það, sem honum fannst mætti betur mætti fara.

Birgir Örn Birgis talaði um framkomnar tillögur almennt. Vísaði hann til lélegrar fjárhagsstöðu sambandsins og lagði á það ríka áherslu að hafður yrði í huga sá kostnaðarauki, sem samþykkt viðkomandi tillagna kynni að hafa í för með sér.

Steinn Sveinsson tók undir orð Birgirs Arnar Birgis varðandi aukinn kostnað samfara samþykkt sumra þeirra tillagna sem fyrir lögju. Upplýsti hann í sambandi við fyrirhugaða breytingu á

leiktíma að framundan væru verulega aukin vandræði með útvegum keppnishúsnæðis og lagði til að æfingartímar félaganna yrðu notaðir til þess í mjög auknum mæli. Mælti hann með framkominni tillögu Einars Bollasonar um miðurfellingu 3. deildar, en áréttaði enn þá vandkvæði, sem kynnu að skapast vegna húsnæðis við verulega fjölgun leikja.

Pálmi Sighvatsson lagði áherslu á að 3. deild yrði að haldast, ella myndi körfuknattleikurinn leggjast niður úti á landsbyggðinni. Einnig lagði hann til að 3. deildin yrði svæðisbundin til þess að spara félögunum óhóflegan ferðakostnað dómara vegna leikja í Garðabæ. Taldi hann nauðsynlegt að þingið samþykkti ákveðnari reglur þar að lútandi. Einnig gerði hann athugasemd við tillögu um tilkynningaskyldu úrskurða aganefndar til viðkomandi leikmanns og taldi að stjórn viðkomandi félags væri rétti aðili að málinu. Ennfremur óskaði hann eftir frekari skýringum á því hvernig velja ætti lið í hina fyrirhuguðu úrvalsdeild (sjá tillögu).

Kolbeinn Pálsson útskýrði nánar tillögur um stofnun úrvalsdeilda-
ar og val í hana. Einnig ræddi hann lauslega framkomna hugmynd um fjárhagslegt sjálfstæði ýmissa nefnda eða deilda innan sambandsins, sem m.a. gæfi stjórninni möguleika á því að einbeita sér að lagfæringu á fjárhagslegri stöðu sambandsins og gæfi einnig möguleika til að minnka ferðakostnað liða, sem langt þyrftu að sækja leiki eða standa undir ferðakostnaði dómara o.fl.

Sigurður Ingólfsson lagði til að gjald til dómara yrði ákveðið kr. 1500.

Var síðan öllum þeim tillögum, sem fram höfðu komið um lagabreytingar vísað til laga og leikreglanefndar og þótti henni falið ærið verkefni.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

Steinn Sveinsson mælti fyrir tillögu frá stjórn K.K.Í. um Þáttökgjald í Íslandsmóti: Kr. 20.000 fyrir eldri flokka
Kr. 10.000 fyrir yngri flokka

Vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga frá öllum 'Reykjavíkur félögunum' og Breiðablíki: 1
"17. ársþing K.K.Í. samþykkir að stjórn sú, sem kosin verður á þinginu hlutist til um að fyrir næsta Íslandsmót verði fenginn hingað til lands hafur erlendur dómari til þess að halda dómara-
námskeið fyrir íslenska dómara."

Vísað til alsherjarnefndar.

Fleiri tillögur lágu ekki fyrir og var þá gert hlé á þingstörfum til kl. 13.00 á laugardag.

H L É

Nefndir störfuðu fyrir hádegi laugardaginn 7. maí, en síðan hófst þingið að nýju kl. 13.00.

Hermann Guðmundsson þingforseti bauð Gísli Halldórsson forseta Í.S.Í. velkominn til þingsins, en síðan voru flutt álit nefnda.

Nefndaálit:

Allsherjanefnd.

Guðrún Ólafsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Lagði nefndin til að framkomin tillaga, frá ýnsum aðilum, um að fá hingað til lands erlendan dómara til að halda dómaramámskeið yrði samþykkt óbreytt og var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma, án nokkurra umræðna.

Tillaga um dómaramámskeið:

17. ársþing K.K.Í. samþykkir að stjórn sú, sem kosin verður á þinginu, hlutist til um að fyrir næsta Íslandsmót verði fenginn hingað til lands hæfur erlendur dómari til að halda dómaramámskeið fyrir íslenska dómara.

Laga- og leikreglnanefnd:

Kolbeinn Pálsson gerði grein fyrir hinum fjölmörgu tillögum, sem vísað hafði verið til nefndarinnar. Fór hann fyrst í gegnum allar framkomnar tillögur um breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót, með ákomnum breytingum frá nefndinni. Síðan var hver grein tekin fyrir og rædd og/eða borin til atkvæða.

REGLUGERÐ UM KÖRFUKNATTLEIKSMÓT, UMRÆÐUR OG KOSNING:

Fyrst var tekin fyrir 3. grein um hlutgengi innlendra og erlendra leikmanna. Lagði laganefnd þingsins fram tillögu millipinganefndarinnar með viðbót frá Birgi Birgis um erlenda leikmenn auk viðbótar um samþykki F.I.B.A.

Einar Bollason kvaddi sýn hljóðs og taldi ályktun síðasta þings um 6 mánaða búsetuákvæði byggða á röngum rökstuðningi. Fannst Einari það út í hött að menn hafi verið að dæma þetta út frá einum vetri. Benti hann á að léleg aðsókn væri nú í vetur á körfuboltaleikjum. Taldi hann að félögunum ætti að vera í sjálfsvald sett hvort þau eyddu sínu fé í erlenda leikmenn og þjálfara eða eitthvað annað. Fleiri tóku ekki tilsmáls og var því tillagan borin til atkvæða. Eftirfarandi tillaga var síðan samþykkt með 4 mótatkvæðum:

3. grein hljóði þannig:

Liðgengir til þátttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn, sem verið hafa félagar í því félagi er þeir keppa með í minnst 1 mánuð áður en kappleikur fer fram.

Skipti leikmaður um félag, skal hann tilkynna það til stjórnar K.K.Í. og síns fyrra félags með sannanlegum hætti og er hann hlutgengur leikmaður með sínu nýja félagi 1 mán. eftir tilkynningardag þ.e. ef ekki hefur borist athugasemd viðkomandi félags innan tíma, ella telst hann hlutgengur þegar samþykki K.K.Í. liggur fyrir. Ef leikmaður hyggst leika með erlendu liði, skal hann tilkynna K.K.Í. um þá ákvörðun sína og er honum ekki heimil keppni erlendis fyrr en K.K.Í. hefur gefið út, eða móttakið og samþykkt tilkynningu um félagaskiptin. Um íslenska leikmenn, sem leikið hafa með erlendu liði gildir að þeir eru hlutgengir að nýju hér á landi þegar stjórn K.K.Í. hefur staðfest félagaskiptin.

Heimila skal 1 erlendum leikmanni að leika með hverju félagssliði hafi tilkynning þar um borist til stjórnar K.K.Í. fyrir 1. nóv. ár hvert. Verða slíkir leikmenn löglegir strax að undangengnu samþykki stjórnar K.K.Í. án nokkurra búsetuákvæða, sé farið að

reglum F.I.B.A.

Þá var rædd tillaga um að fella niður 6. grein.

Boga Þorsteinssyni fannst bera vel í veiði að hafa bæði forseta og framkvæmdastjóra Í.S.Í. á þinginu og beindi því til þeirra hvort ekki væri óvarlegt að fella niður 6. grein.

Hermann Guðmundsson svaraði fyrir hönd Í.S.Í. og taldi hann mjög svo óráðlegt að fella greinina niður Sigurður Valur Halldórsson og Þorsteinn Hallgrímsson gáfu þá skýringu að 6. greinin væri raunar komin inn í 3. greinina og það væri eina ástæðan fyrir niðurfellingunni. Var síðan samþykkt að 6. grein stæði áfram óbreytt. Síðan var tekin fyrir tillaga um viðbót við 7. grein um leiktíma í körfuknattleiksmótum. Var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma og án umræðu:

7. grein viðbót: Leiktími í opinberum körfuknattleiksmótum og leikjum er:

1. aldursfl.	40 mín.	20 mín.	hvor háfl.	og 10 mín.	hlé				
2. "	"	"	"	"	"	"	"	"	"
3. "	32 "	16 "	"	"	"	"	5 "	"	"
4. "	24 "	12 "	"	"	"	"	5 "	"	"
Mfl. kv.	40 "	20 "	"	"	"	"	10 "	"	"
2. fl.kv.	24 "	12 "	"	"	"	"	5 "	"	"

Minni bolti leiktíminn er 4 x 10 mín.

Hlé milli hálfleikja skal eigi fara fram úr 10 mín. nema dómari samþykki annað.

Séu 6 eða færri aðilar tilkynntir til leiks í einhverjum flokki, þá skal leika tvöfalda umferð.

Þá var eftirfarandi orðalagsbreyting gerð við 8. grein.

8. grein orðalagsbreyting.

Í 4. línu falli niður orðin "á seinna ári".

Töluverðar umræður urðu síðan um tillögur um breytingar á 11. grein um skiptingu í deildir o.fl. Millipinganefndin hafði endursamið greinina að miklu leyti og komið jafnframt með tillögu um fjölgun liða í 2. deild úr 6 í 8. Steinn Sveinsson var hinsvegar með tillögu um gjörbreytta deildarskiptingu þ.e. 5 liða úrvalsdeild og 5 liða 1. deild, þar sem leiknar væru 4 umferðir og síðan 2. og 3. deild með svipuðu sniði og fyrr. Laganefnd þingsins gerði hinsvegar að tillögu sinni að liðin í úrvalsdeild og 1. deild yrðu 6 talsins og önnur lið lékju í 2. deild. Lagði nefndin jafnframt til að 11. grein stæði óbreytt næsta árið en síðan kæmi nýja deildarskiptingin til framkvæmda haustið 1978. Þorsteinn Hallgrímsson steig fyrstur í pontu og benti mönnum á að flýta sér ekki um of og ræða málið frá öllum hliðum fyrst. Vildi hann fá nánari skýringu á því hver hagnaðurinn af slíkri breytingu væri.

Steinn sveinsson taldi að með þessari skiptingu þá myndi áhugi almennings og fjölmiðla á körfuknattleik aukast til muna. Keppnin í öllum deildum yrði mikið harðari og myndi þetta koma fram í auknum áhorfendafjölda á leiki. Þá taldi hann og að yfirleitt væri kjarni landsliðsins úr 5 efstu liðunum og væru landsliðskandidatar enn betur undirbúnir eftir þá hörðu keppni sem yrði í úrvalsdeildinni.

Einar Bollason taldi það rangt hjá Steini að landslið væri eingöngu úr 5 efstu liðum hverju sinni. Lýsti hann sig fylgjandi því að hafa 6 lið í úrvalsdeild og 1. deild og taldi menn hafa of miklar áhyggjur af fjölgun leikja. Taldi hann að bæði lið á Reykjavíkursvaðinu og úti á landsbyggðinni myndu fagna fjölgun leikja.

Oddur Sveinsson taldi að gefa ætti efsta liðinu í 2. deild næsta vetur tækifæri til að leika um sæti í úrvalsdeildinni, við næsta liðið þar sem liðin væru 6 talsins og önnur lið lékju í 2. deild. Steinn Sveinsson svaraði síðan smáskuggað við þessari tillögu breytingu.

fyrirkomulegi með t. d. 4 efstu liðunum. Þorsteinn Hallgrímsson taldi að aðalmálið væri að skipuleggja Íslandsmótið betur en gert hefði verið og skapa á einhvern hátt meiri áhuga almennings á íþróttinni. Endurtók hann fyrri orð sín um að menn skoðuðu hug sinn vel. Benti hann og á leikjafjölgunina sem gæti orðið helst til mikill vegna húsnæðisskorts. Kolbeinn Pálsson taldi það lágmarkskröfu að fara úr 14 leikjum yfir í 20 í efstu deildinni.

Atli Arason kvað sig fylgjandi tillögu Odds um að efsta liðið í 2. deild að ári fengi tækifæri til að leika um sæti í úrvalsdeildinni.

Einar Bollason tók undir orð Atla og Odds, auk þess benti hann á að á sama hátt attiefsta liðið í úrslitum 3. deildar að fá að leika um sæti í 1. deildinni að ári. Benti hann á nauðsyn þess að ganga frá öllum hugsanlegum vafaatriðum varðandi nýju deildarskiptinguna. Þá bað hann menn að athuga möguleikann á keppni milli liðanna í næstefstu og næstneðstu sætum deildanna um sætin.

Fleiri tóku ekki til máls og var því gengið til atkvæða. Var tillaga Willipíaganefndar felld með 26 atkvæðum gegn 6. Tillaga Steins Sveinssonar, með ákomnum breytingum laganeftand, var síðan samþykkt móttakvæðalaust ásamt bráðabirgðakvæði frá nefndinni.

11. grein stendur því óbreytt næsta keppnistímabil en verður sýnað þannig:

Í landsmóti 1. aldursflokks skal þátttökuliðum skipt í 3 deildir. Úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild. Ef 8 aðilar eða færri tilkynda þátttöku þá skal hinsvegar leikið í einni deild, tvöföld umferð. Úrvalsdeild skal skipuð 6 liðum, leikin fjórföld umferð, 1. deild skipuð 6 liðum, leikin fjórföld umferð, 2. deild skal skipuð, þeim sem ekki skipa úrvalsdeild eða 1. deild. Skal 2. deildar liðunum skipt í niðla eftir atvikum ef þátttaka er mikil, og verði tekið tillit til búsetu. Sigurvegarnar í 1. og 2. deild sölust rétt til þátttöku í næstu deild fyrir ofan næsta leikar, e. það lið sem fær stig hlýtur í úrvalsdeild og 1. deild, fellur niður um eina deild og leikur þar næsta leikar.

Keistaranót landsa skal haldið á tímabilinu október- maí.

Mótnefnd K.K.Í. annast niðurröðun leikja og skal miðað að því að leikin verði heldu umferð áður en sú næsta hefst. Þó má mótnefnd gera undantekningar frá þessu ef ástæður krefjast þess. Keppnin er stígaköppni. Verði 2 eða fleiri lið jöfn efst eða neðst í deildunum, skulu þau leika einfalda stígaköppni eða úrslitaleik, þar til úrslit fara. Mótstjórn ákveður keppnisstað.

Verði 3 eða fleiri lið jöfn á öðru sæti, verður keppni um eina hlífurverðislaus eða þátttöku í 2. deild köppnum lið. Þá skulu innbyrðisleikur um eina sæti milli neðsta liðsins í þeirri deild sem liðið var í, sem hefst keppni og þess liðs sem er í næstefsta sæti í næstu deild fyrir neðan.

Sá aðili sem siggur í úrvalsdeild hlýtur samdómneitið "Íslandsmeistari" og gildir sama um sigurvegara í öfl. kvenna. Verðlaun fyrir meistarverðir ná ekki afhandla. Ef aðeins 1 félag tilkynnir þátttöku. Keppi skal um hátilinn.

Bráðabirgðakvæði um deildarskiptingu liða eftir gildistöku 11. greinar að loknu Íslandsmóti 1973.

Úrvalsdeild:

Þar 6 lið sem voru í 5 efstu sætum 1. deildar Íslandsmótins 1973 sinngi úrvalsdeild. Liðið í 6. sæti í 1. deild leikur síðan með efsta liðið í 2. deild um 6. sætið í úrvalsdeildinni, skal

leikið þar til annað liðið hefur unnið 2 leiki. Ef 2 lið eru jöfn í 5.-6. sæti eða 6.-7. sæti, þá gilda innbyrðis leikir liðanna, ef 3 lið eða fleiri eru jöfn skal fara fram úrslitakeppni einföld umferð þar til úrslit fást.

1. deild:

2 neðstu lið 1. deildar á Íslandsmóttinu 1978 og liðin í 2. og 3. sæti í 2. deild ásamt því liði sem tapar í leikjunum um 6. sætið í úrvalsdeildinni skulu skipa 1. deild. Liðið í 4. sæti í 2. deild leikur síðan við það lið sem sigrar í úrslitakeppni 3. deildar um 6. sætið í 1. deildinni. Skal leikið þar til annað liðið hefur unnið 2 leiki. Ef 2 lið eru jöfn í 3.-4. sæti eða 4.-5. sæti þá gilda innbyrðis leikir liðanna, ef 3 lið eða fleiri eru jöfn þá skal fara fram úrslitakeppni, einföld umferð, þar til úrslit fást

Önnur lið leiki í annari deild.

Laganefnd þingsins var síðan með breytingu á 13. grein og var eftirfarandi samþykkt einróma og án umræðna:

13. grein hljóði þannig:

Aður en leikir hefjast skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta skýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslokum undirskrifa dómara skýrsluna og umsjónaraðili sendir hana viðkomandi körfuknattleiksráði, en mótanefnd K.K.Í. ef keppnin er á vegum þess, innan 24. klst. Vanræksla félags í þessum efnum varðar sekt að upphæð kr. 3000 í hvert skipti. Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

Varðandi breytingar í 16. grein þá lagði laganefnd þingsins til að tillaga millipinganefndarinnar yrði samþykkt óbreytt. Hinsvegar vildi nefndin fella niður viðbót Steins Sveinssonar við greinina um jafna skiptingu á ferðakostnaði.

Steinn Sveinsson lýsti sig andvígán því að fella niður viðbótartillögu sína, þar sem þetta gæti orðið mikið happdrætti um það hvor fengi heimaleikinn.

Þorsteinn Hallgrímsson ræddi um tekjuskiptingu í þessu sambandi, en var þá bent á að K.K.Í. hefði í raun rekið Bikarkeppnina síðastliðin ár. Kom síðan fram tillaga frá Þorsteini um að vísa þessu til næstu Mótanefndar K.K.Í. Dró Steinn þá viðbótartillögu sína til baka og var síðan tillaga Millipinganefndar samþykkt óbreytt og aukatillögu Þorsteins vísað til Mótanefndar K.K.Í. næsta ár.

16. grein hljóði svo: Útslátarkeppni.

Leika skal þar til 2 lið eru eftir og skulu þau leika til úrslita. Sé um jafntefli að ræða skal framlengja leik í samræmi við körfuknattleiksreglur.

Í Bikarkeppni K.K.Í gildir eftirfarandi:

Fyrir hverja umferð skal draga um hvaða lið skulu leika saman. Það lið sem fyrst dragst fær heimaleik, þó aldrei tvisvar í röð. Lendi saman 2 lið sem bæði hafa leikið á heimavelli eða útivelli í næstu umferð á undan. skal draga um hvort liðið skuli fá heima-völl.

Aukatillaga, vísast til næstu Mótanefndar K.K.Í.

Árþing K.K.Í. samþykkir að fela Mótanefnd K.K.Í. að semja reglugerð um tekju- og kostnaðarskiptinguna í Bikarkeppni K.K.Í. 1978

og senda hana viðkomandi aðilum um leið og tilkynning um þá keppni verður send út.

Þá var samþykkt einróma og án umræðu eftirfarandi tillaga Steins Sveinssonar um breytingu á 21. grein. i

21. grein, d. liður. "Brot gegn 14. grein varða sektum auk tapaðs leiks, ef forföll eru ekki lögmæt. Lágmarkssekt skal vera kr. 5000, en að auki skal hinn brotlegi aðili greiða allan kostnað sem hinn aðilinn hefur hugsanlega orðið fyrir og Mótanefnd samþykkir. Þá má setja hinn brotlega aðila í leikbann allt að 3 mánuðum".

Síðan var samþykkt með 15 atkvæðum gegn 7 eftirfarandi tillaga frá dómarnefnd K.K.Í. og fleirum um breytingu á 5. grein. Síðasta málsgrein 5. greinar falli niður, í stað hennar komi:

Dómari, sem fer til starfa út fyrir sitt heimahérað, skal fá fríar ferðir, fæði og gistingu, sem greiðist af heimaliði. Ferðist dómari á eigin bifreið skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn km. Gjaldið skal ákveða árlega af Dómarnefnd K.K.Í. og hljóta staðfestingu stjórnar K.K.Í.

Eigi er heimilt að greiða nema fyrir eina bifreið, sem dómara koma á til leiks.

Verði dómari, vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika að vera burtu frá sínu heimahéraði, á vinnudegi, skal hann eiga rétt á greiðslu úr hendi þeim aðila, sem stendur fyrir leiknum. Greiðslan skal miðast við almenn daglaun verkamanna.

Gísli Halldórsson forseti Í.S.Í. steig næstur í ræðustól. Flutti hann fundarmönnum árnaðaróskir frá stjórn Í.S.Í. Kvaðst hann ávallt hafa átt mjög ánægjuleg samskipti við K.K.Í. og taldi hann körfuknattleiksíþróttina eiga mikla framtíð fyrir sér. Fannst honum góðs viti sá kraftur og áhugi sem væri í fundarmönnum og svo hve vel hefði verið vandað til allra gagna. Minntist forsetinn á góðan árangur körfuknattleiksmanna í Englandi um páska-anna og taldi að góð frammistaða yfirleitt yrði til þess að miklu meira fé yrði veitt til íþróttamála á næstu árum. Óskaði hann síðan þinginu velfarnaðar og körfuknattleiksmönnum almennt til hamingju með mikil og góð störf á liðnum árum.

REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND K.K.Í., UMRÆÐUR OG KOSNING:

Kolbeinn Pálsson framsögumaður laga- og leikreglanefndar þingsins kvað það vilja nefndarinnar að samþykkja óbreyttar tillögur Millipinganeftdar en breytingar á 6. og 7. grein.

Atli Arason spurðist fyrir um tilgang fjársektar sbr. 6. grein. Kristbjörn Albertsson kvað tilganginn vera að auka ábyrgð félaganna á sínum leikmönnum.

Var eftirfarandi síðan samþykkt einróma:

6. grein 9. liður hljóði svo: "Við ítrekuð eða alvarleg brot, sem hafa í för með sér meira en eins leiks bann, skal félag hins dæmda greiða fjársektir er nemi minnst kr. 1.000, en mest kr. 5.000.og skulu þær greiðast fyrir næsta leik viðkomandi félags.

6. grein 9. liður verði 6. grein 10. liður.

7. grein hljóði svo: "Kæra skal vera rituð á bakhlið frumrits leikskýrslu og skal dómari koma henni eða tilkynningu um hana til Aganefndar eða K.K.Í., innan sólarhrings frá því að brotið var framið. Ennfremur skal félagi hins kærða tilkynnt um kærana á bakhlið leikskýrslu félagsins.

Þá vildi laganefnd þingsins gera orðalagsbreytingar við tillögu Millíþinganefndar um 8. greinina. Var það vilji meirihluta nefndarinnar að eingöngu stjórn deildar viðkomandi leikmanns væri gerð ábyrg fyrir móttöku kæru en ekki einnig þjálfari og hinn kærði Þorsteinn Hallgrímsson og Kristbjörn Albertsson, sem báðir áttu sæti í Millíþinganefndinni. kváðu sig andvíga breytingu Laganefndar. Þeirra forsenda hefði verið sú að með þessum hætti þá kæmist kærana alveg örugglega til skila. Pétur Eysteinnsson og Kolbeinn Pálsson töldu að stjórn félagsins ein væri ábyrg í þessu tilfalli, enda væri það skylda stjórnar að koma slíku á framfæri. Var síðan eftirfarandi tillaga samþykkt:

8. grein hljóði svo:

Kætur, skulu teknar til úrskurðar innan þriggja sólarhringa frá því að kæra berst til Aganefndar. Sé munnlegur málflutningur heimill, skal Aganefnd þá hafa tekið málið til úrskurðar innan 10 daga. Skal leikbann, ef um það er að ræða, koma til framkvæmda í næsta leik á eftir að Aganefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn, og skal sá úrskurður tilkynntur stjórn deildar viðkomandi leikmanns með sannanlegum hætti minnst 6 klst. fyrir umræddan leik til að öðlast gildi.

REGLUGERÐ FYRIR MÓTANEFND:

Ein orðalagsbreyting var samþykkt einróma:

9. grein 6. liður, 1. lína. í stað sameina komi "samræma".

LÖG KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Laganefnd þingsins kom með nokkrar breytingatillögur við þá uppsetningu sem Millíþinganefndin hafði lagt fram, og voru þær allar samþykktar. Um var að ræða umskrift á lögum K.K.Í. en ekki stórvægilegar breytingar. Voru löggin síðan samþykkt í heild sinni og eru því þannig:

LÖG KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS:

HEITI OG TILGANGUR:

1. grein

Körfuknattleikssamband Íslands (K.K.Í.) er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda íþróttasambands Íslands (Í.S.Í.) Aðsetur sambandsins skal vera í Reykjavík.

2. grein

Körfuknattleikssamband Íslands er samband körfuknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga, og eru öll þau félög innan Í.S.Í. er iðka og keppa í körfuknattleik aðilar að K.K.Í.

3. grein

Starf K.K.Í. er í meginatriðum:

- A. að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála.
- B. að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi og vera aðili að alþjóðakörfuknattleikssambandinu (F.I.B.A.)

Með hæfilegum fyrirvara skal K.K.Í. tilkynna framkvæmdastjórn Í.S.Í. áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

SKIPULAG.

4. grein.

Málefnum K.K.Í. stjórna:

- A. Körfuknattleikspingið.
- B. Stjórn K.K.Í.

KÖRFUKNATTLEIKSPINGIÐ.

5. grein

Körfuknattleikspingið fer með æðsta vald í málefnum K.K.Í. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda K.K.Í. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksmanna og kvenna þannig, að fyrir allt að 50 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 félagi, og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 100 félagi þar fram yfir.

Til þingsins skal boða bréflega með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn K.K.Í. minnst 21 degi fyrir þing. Þá skal stjórn K.K.Í. kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing. Körfuknattleikspingið er lögætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

6. grein

Á körfuknattleikspinginu hafa aðeins kjörnir fulltrúar atkvæðisrétt.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögu-rétt:

- A. Stjórn og varastjórn K.K.Í.
- B. Endurskoðendur K.K.Í.
- C. Forseti og varaforseti Í.S.Í.
- D. Framkvæmdastjórnar K.K.Í. og Í.S.Í.
- E. Allir nefndamenn fastanefnda K.K.Í.
- F. Meðlimir dómstóla K.K.Í.
- G. Formaður Olympíunefndar Íslands.
- H. Íþróttafulltrúi Ríkisins.

Auk þess getur stjórn K.K.Í. boðið öðrum aðilum þingseta, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í körfuknattleiksfélagi innan sérráðs eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á körfuknattleiksþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði. Þó má heimila, að fulltrúi fari, undir sérstökum kringumstæðum (langt eða dýrt að sækja þingið, eða ánnar fulltrúi veikur eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja þingið) - með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila- sérráðs eða héraðssambands (félags), sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem heima eiga þar, sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

7. grein

Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess,

Alla boðunar og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings.

Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu, eða er forfallaður á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef helmingur kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða að stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu reglur og um reglulegt körfuknattleiksþing.

8. grein

Störf körfuknattleiksþings eru:

- 1) Þingsetning.
- 2) Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
- 3) Kosnar fastar nefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd,
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laga- og leikreglnanefnd,
 - d) Allsherjanefnd,
 - e) Kjaranefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver. Er bréfritari sjálfkjörinn formaður kjörbréfanefndar.

4) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

5) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

- 6) Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7) Lagðar fram laga og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.
- 8) Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar. - Þinghlé.
- 9) Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
- 10) Önnur mál.
- 11) Kosnir 3 menn í körfuknattleiksdómstól og 3 til vara.
- 12) Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttabing.
- 13) Þingfundagerðir lesnar og staðfestar.
- 14) Þingslit.

Fáir fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um laga-breytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (sbr. 5. gr. 4. málsgreinar). Ársskýrslu K.K.Í., sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn Í.S.Í. og sambandsaðilum K.K.Í. innan tveggja mánaða frá þingslitum.

STJÓRN K.K.Í.

9. grein

Stjórn K.K.Í. fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn K.K.Í. skipa 5 menn, sem kjörnir eru leynilegri kosningu til eins árs í senn.

Ennfremur skal kjósa tvo varamenn í stjórn K.K.Í. til eins árs í senn og taka þeir sæti í stjórninni, ef aðalmaður forfallast, og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir.

Til þess að ná kjöri sem formaður, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annara stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir.

Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er með lögum þessum.

Stjórn K.K.Í. skal strax að loknu körfuknattleikspingi skipa eftirtaldar nefndir:

- Métanefnd K.K.Í.
- Aganefnd K.K.Í.
- Landsliðsnefnd K.K.Í.
- Tæknideild K.K.Í.
- Unglinganefnd K.K.Í.
- Laga og leikreglnanefnd K.K.Í.
- Fjáröflunarnefnd K.K.Í.
- Minniboltanefnd K.K.Í.
- Dómaranefnd K.K.Í.

Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum nema landsliðsnefnd eftir nánari ákvörðun stjórnar K.K.Í.

Fjáröflunarnefnd skal helga sig tillögum um fjáröflun og framkvæmd þeirra.

Stjórn K.K.Í. skal boða formenn nefnda á stjórnarfundi, þegar þurfa þykir, eða þegar formenn óska þess.

Í byrjun Hvers starfsárs skal hver nefnd gera starfsáætlun og skulu þær lagðar fyrir stjórn K.K.Í. til samþykktar. Nefndirnar hafa ekki sérstakan fjárhag, nema stjórn K.K.Í. ákvarði annað.

Stjórn K.K.Í. skal heimilt að ráða launað starfsfólk m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf.

Reikningabók K.K.Í. er frá 1. maí til 30. apríl

10. grein

Starfssvið stjórnar K.K.Í. er:

1. að framkvæma ályktanir körfuknattleikspingsins.
2. að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssamband.
3. að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
4. að semja leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik er jafnan séu í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
5. að taka ákvarðanir um veitingar heiðursmerkja og viðurkenn-
inga.
6. að senda framkvæmdastjórn Í.S.Í. lögboðnar skýrslur.
7. að líta eftir því að lög og leikreglur K.K.Í. séu haldin.
8. að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
9. að skera úr ágreiningi um körfuknattleiksmál.
10. að hafa yfirumsjón með landsmótum.
11. að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
12. að samþykkja þátttöku íslenskra körfuknattleikslíða í alþjóð-
amótum erlendis.
13. að koma fram erlendis f.í. körfuknattleikshreyfingarinnar í landinu.

Stjórn K.K.Í. skal hafa samráð við stjórnir sérráða og framkvæmdastjórn Í.S.Í. við ákvörðun á alþjóðamótum sem haldin eru hérlendis, svo og landsmótum.

11. grein

Formaður K.K.Í. boðar stjórnarfundum og stjórnar þeim.

12. grein

Körfuknattleiksráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar K.K.Í. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendast innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra körfuknattleiksmanna í umdæminu skulu þau senda stjórn K.K.Í. fyrir 1. ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á körfuknattleikspinginu, sbr. 5. gr.

13. grein

Í ársskýrslu sinni til körfuknattleikspings skal stjórn K.K.Í. jafnan gera grein fyrir, hverjar tillögur hún hafi gert til sambandsráðs um úthlutun kennslustyrkja.

14. grein

Stjórn K.K.Í. hefur frjálstan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda K.K.Í. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

DÓMSTÓLL K.K.Í.

15. grein

Dómstóll K.K.Í. skal skipaður 3 aðalmönnum og 3 varamönnum kjörnum á körfuknattleikspingi samkv. 8. gr. 15. lið. Dómstóllinn kys sér formenn og starfar að öðru leyti samkvæmt dóms og refsiaðvæðum Í.S.Í. og reglugerðum K.K.Í.

16. grein.

Tillögur um að leggja K.K.Í. niður má aðeins taka fyrir á lögmatu körfuknattleikspingi. Til þess að samþykka þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni, og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt öðru sinni, er það fullgild ákvörðun um að leggja K.K.Í. niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum K.K.Í., en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiks-¹íþróttarinnar í landinu.

16. grein

Lög þessi öðlist gildi þegar sambandsráð Í.S.Í. hefur staðfest þau.

Fjárhagsnefnd:

Gunnar Gunnarsson gerði næst grein fyrir störfum fjárhagsnefndar. Var fyrst tekin fyrir tillaga um þáttökugjöld í Íslandsmóttinu 1978 og var eftirfarandi samþykkt:

Þáttökugjöld í Íslandsmóti 1978.

Þáttökugjöld verði kr. 20.000. í 1., 2. og 3. deild karla og kvenna.

Aðrir flokkar verði kr. 10.000. pr. flokk.

Þá var tekin fyrir breytingartillaga á 5. grein reglugerðar um dómaramál, um greiðslur til dómara og skiptingu á þeim greiðslum. Var eftirfarandi samþykkt einróma:

5. grein reglugerðar um dómaramál hljóði þannig:

Dómarar í 1. flokki, þ.e. þeir sem dæma í deildarkeppni og mfl. kvenna skulu vera launaðir. Skal hvert félag greiða dómara nefnd kr. 2000 fyrir hvern leik.

Áætlaður heildarkostnaður við dómgaflu verði greiddur í tvennu lagi- fyrri hluti fyrir 1. ágúst og síðari hluti í janúar.

Allur kostnaður við dómgaflu skiptið eftir ákvörðun dómara nefndar.

Þá lagði fjárhagsnefnd fram fjárhagsáætlun stjórnarinnar fyrir næsta ár. Hafði nefndin staðið að samningu áætlunarinnar ásamt stjórninni og var lagt til að hún yrði samþykkt óbreytt.

Birgir Birgisd kynnti fjárhagsáætlunina fyrir þingheimi og kvað markmið hennar fyrst og fremst vera að koma niður skulðum eins og unnt væri og virkja nefndir til sjálfstæðra starfa.

Einar Bollason lýsti sig mjög fylgjandi þessari áætlun, sem reyndar væri eini möguleikinn til þess að forða því að K.K.Í. yrði hreinlega lagt niður. Minnti hann félögin á að nauðsyn væri á að þau tækju virkari þátt í starfsemi K.K.Í. Taldi hann m.a. í því sambandi að félögin gætu staðið betur að landshappdrætti K.K.Í. Bað hann menn um að sýna það nú í verki á komandi árum að þeir ynnu körfuknattleikssabandinu heilt, en ekki ganga út af ársþinginu með brosi á vör og fullir fyrirheita á þess að nokkuð yrði úr framkvæmdum.

Nokkrir aðrir tóku til máls og voru þeir sammála Einari í öllum meginatriðum. Pétur Eysteinnsson taldi þó tekjuliðinn um þeikskrá allt of lágan og kvað vandalaust að auka hann um kr. 700.000. með auglýsingasöfnun. Var því bent á Pétur sem líklegan móta- nefndarmann næsta vetur.

Fjárhagsáætlunin var síðan samþykkt einróma. Fer hún hér á eftir í heild sinni.

Fjárhagsáætlun 1977-1978

Stjórn K.K.Í.

Tekjur

Styrkir	1.000.000
Félagsgjöld	1.120.000
Sjónvarp	200.000
Happdrætti	500.000
Bingó	350.000
Hlutavolta	400.000
Lokahöf	100.000
Aðrar tekjur	604.170

Gjöld

Skrifstofukostn.	1.000.000
Vextir	350.000
Gr. skulda	3.624.170

Samtals 4.974.170

Samtals 4.974.170

Mótanefnd

Tekjur

Leikskrá	350.000
Sektir	100.000

Gjöld

Laun	150.000
Verðlaunapen.	200.000
Húsaleiga	50.000
Umsjón	50.000

Samtals 450.000

Samtals 450.000

Dómaranefnd

Tekjur

Tillög félaga	680.000
---------------	---------

Gjöld

Skipting eftir ákvörðun
dómaranefndar.

Landsliðsnefnd

Unglinganefnd

Tekjur

Styrkir
Leikskrár

Gjöld

Húsaleiga
Þjálfaralaun
Ferðakostnaður
Dvalarkostnaður

Ath.

- 1) Samband milli stjórnar og nefnda ákvarðast síðar af stjórn K.K.Í. og nefndum.
- 2) Nefndir skulu skila ársskýrslum og ársreikningum til stjórnar.
- 3) Nefndir ákveða hverju sinni hvað gera skuli við tekjuafgang.

Bogi Þorsteinsson tók næstur til máls og gerði að umtalsefni útgáfu körfuboltaþlaðsins "Körfunnar" undir stjórn nokkurra ungra-pilta. Taldi hann þetta framlag piltanna einstakt í sinni röð og lagði til að félögin hlýpu undir bagga með þeim um dreifingu þlaðsins. Kvað hann þetta beinlínis skyldu K.K.Í. og félaganna þar sem blaðið bæri orðið svo vandað sem raun bæri vitni. Var t tekið undir orð Boga með dynjandi lófaklappi þingheims. Þorsteinn Hallgrímsson lýsti þeirri skoðun sinni að það vantaði fastmótaða stefnu um aukningu og þróun körfuknattleiks til 5 eða 10 ára hér á landi. Benti hann á fordæmi Svía í þessu sam-bandinu árin 1960 - 1970. Taldi hann að það sem helst stæði körfu-knattleiknum fyrir þrifum væri menntunarskortur dómara og þjálf-ara og hve lítil rækt væri lögð við hina yngri flokka, ásamt því hve oft gengi illa að fá menn til starfa. Hvatti hann til þess að ráðin yrði bót á þessum meinsemdum hið bráðasta. Þá ítrekaði hann og þá skoðun sína að framkvæmd Íslandsmótsins ætti að taka til endurskoðunnar ásamt því hve oft gengi illa að fá menn til starfa. Hvatti hann til þess að ráðin yrði bót á þess-um meinsemdum hið bráðasta. Beiðindi Þorsteinn síðan þeirri áskor-un til næstu stjórnar að koma fram á næsta ársþingi K.K.Í. með ákveðna stefnumörkun næstu 5-10 árin. Sýndi þingheimur ræðumanni samstöðu sína með lófataki. Fleiri tóku ekki til máls.

Kosning formanns, stjórnar o.fl. aðila.

Formannskjör:

Sigurður Ingólfsson var einn í formannskjöri og var kjör hans staðfest með lófataki.

Kosning stjórnar:

Eftirtaldir voru í kjöri og voru kosnir:

Páll Júlíusson
Þorsteinn Guðnason
Guðrún Ólafsdóttir
Sigurður Valur Halldórsson

Í varastjórn:

Birgir Örn Birgis
Bogi Þorsteinsson

Endurskoðendur:

Þráinn Sigurjónsson
Hólmsteinn Sigurðsson

Dómstóll K.K.Í.:

Kristbjörn Albertsson
Hólmsteinn Sigurðsson
Atli Arason

til vara:

Sigurður Þórarinnsson
Sigurður V. Halldórsson
Ingi Stefánsson

Hermann Guðmundson þingforseti flutti síðan þingheimi óskir um velfarnað og góðan árangur á næsta ári og þakkaði samveruna á þinginu. Bauð hann síðan nýkjörinn formann velkominn til starfa. Sigurður Ingólfsson hinn nýkjörni formaður K.K.Í. steig því næst í ræðustól. Þakkaði hann það traust sem sér væri sýnt og lýsti þeirri von sinni að félögin styddu dyggilega við bakið á stjórninni í þeim erfiðleikum sem framundan væru. Þakkaði hann síðan þing-forseta rösklega fundarstjórn og sagði 17. ársþingi K.K.Í. slitið.